

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13

facebook

14. FEBRÚAR 2015 • 6. tölublað 6. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Borgarbúar þekkingu vel þetta hús við Frikirkjuveg 11. Björgólfur Thor Björgólfsson á húsið og mun ætla að hefja endurbætur á því innan tíðar. Hitt er ekki oft minnst á að fast var sótt á sínum tíma að í þessu húsi yrði embættisbústaður forseta Íslands. Sjá bls. 8.

Varað var við afleiðingum útboðs fyrir ferðapjónustu fatlaðra snemma árs 2012:

Ákvörðun sem tók sig sjálf?

Óvíst er hvernig þær ákvarðanir sem hafa skilað sér í núverandi fyrirkomulagi ferðapjónustu fatlaðra, eru til komnar. Varað var við afleiðingum þessara breytinga innan Strætó í mars árið 2012.

Stjórn Strætó bs. hefur ekki rætt þessi mál frá því að núverandi stjórnarformaður tók fyrst sæti í stjórninni, í ágúst árið 2012. „Það liggur ekki beint fyrir bókun um að

stjórnin sækist eftir þessari þjónustu,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður Strætó í samtali við Reykjavík vikublað. Þó sé til bókun frá janúar í fyrra, um að Stætó mætti ræða við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um aksturinn. „Þessar fundargerðir voru ekki teknar sérstaklega fyrir í stjórn,“ segir Bryndís.

Allt hefur gengið á afturfótunum við skipulag ferðapjónustu fatlaðra frá ára-

mótum og hefur það bitnað illa á farþegum. Stefán Eiríksson, formaður neyðarstjórnar ferðapjónustu fatlaðra segir að kapp sé lagt á að koma þjónustinni í lag.

Bryndís Haraldsdóttir segir að stjórnarmenn telji hagsmunum Strætó best borgið undir núverandi forystu. „Við teljum að við séum best til þess fallin til að fjalla um vandamálin sem núna eru uppi.“

Sjá úttekt bls. 10-11.

Sumarfrí í Svartaskógi



Góð tveggja herbergja íbúð til leigu í sumar í fallegum smábæ í Svartaskógi. Nánari upplýsingar á <http://ingvararnason.net> og í gsm 8983195.

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna



Brotafli ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóla og snjósléðasætum. Húsbíllaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

HEILSURÚM – FRÁBÆRT VERÐ



SHAPE heilsudýna með KARAT rúmgjörð og gaflí



DORMA
VERDDÆMI
160 x 200 cm krónur
155.840
Fullt verð: 194.800

DORMA
— býður góða nótt

REST heilsurúm með Classic botni



FERMINGAR
tilboð

DORMA
VERDDÆMI
120 x 200 cm krónur
69.900
Fullt verð: 79.900

Fáanlegt bæði svart og hvítt í stærðunum 80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm

Fáanlegt bæði svart og hvítt í stærðunum 120/140/160/180 x 200 cm

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800 Opið: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰ og laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰



Þátttaka á Reykjavíkurskáknotinu var mjög góð. A-lið Rimaskóla varð efst með 25 vinninga.

Rimaskóli sigraði á Reykjavíkurmótinu

Nemendur Rimaskóla sigruðu á Reykjavíkurmóti grunnskóla í skák sem haldið var á dögunum. Þetta var annað árið í röð sem Rimaskóli vannur mótið. Nemendur Ölduselsskóla urðu í öðru sæti og Laugarlækjarskóla í því þriðja.

Um 100 grunnskólanefndur tefldu í 28 skáksveitum sem voru skráðar til leiks á mótinu, en það fór fram í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur. Sumir skólar sendu margar sveitir á mótið.

Sigurlið Rimaskóla 25 vinninga af 28 mögulegum. Skólinn sendi sex skáksveitir á mótið og urðu fjórar þeirra meðal sjö efstu á mótinu. Sveit Ölduselsskóla hlaut 22 vinninga og Laugarlækjarskóla 20 og hálfan vinning.

Liðsmenn meistaraliðs Rimaskóla



Nansý Davíðsdóttir teflir á fyrsta borði hjá meistaraliðinu.

eru á ýmsum aldri. Í liðinu eru Jóhann Arnar Finnsson, Kristófer Jól Jóhannesson, Kristófer Halldór Kjartansson og Joshua Davíðsson. Á fyrsta borði sigurliðsins teflir Nansý Davíðsdóttir, en hún hefur vakið nokkra athygli fyrir góðan árangur í skákinni,

Sjálfstæðismenn segja bílastæðin of fá:

Kalla eftir heildarstefnu um bílastæði

Bæði fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokkin í umhverfis- og skipulagsnefnd borgarinnar, gerðu sérstakar bókarnir á síðasta fundi ráðsins, um bílastæði í Holtunum.

Þá samþykkti meirihluti ráðsins að auglýsa breytingu á deiliskipulagi við Rauðárholt 7. Þar byggir Félagssstofnun stúdenta. Til stendur að fjölga íbúðum þar í 102 og samkvæmt tillögunni eiga bílastæði að vera 19. Fulltrúar minnihlutans sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

„Áhyggjur íbúa og hagsmunaaðila

af uppbyggingu og bílastæðamálum á svæðinu eru réttmætar. Ekki hefur tekist að skapa sátt um þéttingu byggðar og skapa samráðsgrundvöll sem er forsenda uppbyggingar í eldri hverfum. Sérstaklega á það við á þessum reit,“ segir meðal annars í bókun sjálfstæðismanna. Þeir vilja að gerð verði stefna um heildarlausnir í bílastæðamálum.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lét einnig bóka að „bílastæðavandi í hverfinu samhliða þéttingu byggðar hefur enn ekki verið leystur þrátt fyrir áhyggjur íbúa og hagsmunaaðila.“

Frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni:

Markaðsvæðing viðbúin

Kvenréttindafélag Íslands telur ekki hægt að koma í veg fyrir staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni, enda þótt frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði að lögum. Félagið leggst gegn frumvarpinu og segir í umsögn sinni: „Konur eru ekki markaðsvara, og meðganga er ekki þjónusta.“

Starfshópur samdi frumvarp um „staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni“ eftir ályktun Alþingis þar um. Frumvarpið er á borði heilbrigðisráðherra og hefur verið gefið út að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi fljótlega.

Í nóvember voru birt drög að frumvarpinu og var fólki gefinn kostur á að gera athugasemdir við málið. Fjórtán aðilar sendu umsögn um frumvarpið og nema athugasemdirnar tugum ef ekki hundruðum.

Í umfjöllun um þessi mál hafa stuðningsmenn lagt áherslu á að ekki sé verið að greiða konum fyrir að ganga með börn.

Stjórn kvenréttindafélagsins segir meðal annars í umsögn sinni um málið að erfitt sé að sjá hvernig megi koma í veg fyrir markaðsvæðingu staðgöngumæðrunar, verði staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni lögfest hérlandis. Það sé í reynd enginn möguleiki að koma í veg fyrir að fólk greiði staðgöngumóður fyrir meðgöngu, segir Kvenréttindafélagið. Verði hins vegar frumvarpið að lögum, verði að setja ströng skilyrði um fjárhagsleg tengsl staðgöngumóður og viðtökuforeldra.

Félagið segir sjálfgefið að viðtökuforeldrar greiði fyrir nauðsynlegan kostnað við meðgöngu, verði frum-

varpið lögfest. Hins vegar spyr félagið hvernig skilgreint verði hvað teljist eðlilegur kostnaður og hver eigi að meta hann. Þá bendir félagið á að í frumvarpsdrögum var ekkert getið um hver skuli fylgjast með greiðslum milli fólks: „Er það lögreglan? Landlæknir? Velferðarráðuneytið? Einhver bókaldsskrifstofa?“, spyr félagið í umsögninni.

Það sé erfitt að fylgjast með því að greiðslur fyrir meðgöngu eigi sér ekki stað og þóknarir geti verið á ýmsu formi. Þær geti verið peningar, gjafir, ýmis fjárhagsleg aðstoð, til dæmis við nám eða ferðalög, og fleira.

Þá leggur félagið til að viðurlög verði við því að slíkar greiðslur fari á milli.

Bæjarstjóri Seltjarnarness:

„Ræði ekki dóm Hæstaréttar“

Ég tjái mig ekki um einstök starfsmannamál,“ sagði Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness, þegar Reykjavík vikublað innti hana eftir viðbrögðum við nýlegum dómi Hæstaréttar.

Þá var bærinn dæmdur til að greiða Bryndísi Sigrúnu Richter tvær og hálfa milljón króna í bætur fyrir að hafa staðið að uppsögn hennar úr starfi með ólögmatum hætti. Þá var Seltjarnarnesbær einnig dæmdur til að greiða 800 þúsund krónur í málskostnað fyrir Hæsta-

rétti. Bærinn hefur jafnframt verið gagnrýndur fyrir að hafa sýnt hörku við uppsögnina, en Bryndísi var ekki gefinn kostur á að kveðja vinnufélaga sína þegar hún var rekin. Starf hennar var lagt niður en hún hafði unnið hjá Seltjarnarnesbæ í 25 ár.

Starfsmannafélag Reykjavíkur hefur gagnrýnt vinnubrögð bæjarins og sálfræðingur hefur bent á neikvæðar afleiðingar af slíkri framkomu.

Eftir að Ásgerður sagðist ekki vilja tjá sig um einstök starfsmannamál, óskaði blaðamaður eftir viðbrögðum bæjarstjórans við dómi Hæstaréttar



Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

og hvernig bærinn myndi bregðast við. „Ég ræði ekki dóm Hæstaréttar,“ sagði hún þá.

Hún var þá spurð hvort starfsmenn Seltjarnarnesbæjar og íbúar sveitarfélagsins ættu ekki rétt á því að vita viðbrögð bæjarins við dómnum, ítrekaði Ásgerður að hún ætlaði ekki að ræða dóminn.

Heimsmet á Íslandi

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra verkefna sem sóst hafa eftir fjármögnun í gegnum Karolina fund, hafa náð settu marki. Þetta segir Arnar Sigurðsson einn aðstandenda hópfrjáröflunarsíðunnar. „Það er algengast að ná rétt yfir markið, en þó kemur af og til fyrir að verkefni „springur út“ og nær margöldu markmiði sínu. Við erum mjög



ánægð með þetta hlutfall, 70%-80% verkefna sem ná að fjármagna sig, þetta er langt yfir því sem viðgengst á öðrum svipuðum síðum erlendis.

Raunar vitum við ekki betur en að þetta sé heimsmet,“ segir Arnar í samtali við Reykjavík vikublað.

Sjá bls. 6.

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsefni

Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar

Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreififrátt o.fl. o.fl.

FRUM

...góður punktur

Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



Sumir þurfa ekkert að pæla í bensínverðinu, sem víst rokkar upp og niður. Blaðamaður gekk framhjá þessum bíl sem var í hleðslu við Fríkirkjuveginn í vikunni.

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift Microsoft Dynamics NAV



dynamics nav í áskrift

 **Office 365**

Aðgangur að Office 365 fylgir með
Microsoft Dynamics NAV í áskrift*



Microsoft Azure

Hýsing og afritun innifalin

Azure skýjaþjónusta Microsoft er eitt
öruggasta og öflugasta gagnaver í heimi

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrotnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

**Hýsing og afritun í Microsoft Azure
Office 365 fylgir með NAV í áskrift***

kr. **9.900**
pr. mán. án vsk

Viðskiptalausnir 2

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrotnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtakerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga
- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

**Hýsing og afritun í Microsoft Azure
Office 365 fylgir með NAV í áskrift***

kr. **17.900**
pr. mán. án vsk

Wise býður eitt mest selda bókhaldskerfi landsins
í mánaðarlegri áskrift - NAV í áskrift.

Lágmarkaðu kostnaðinn og kynntu þér málið

www.navaskrift.is

LEIÐARI

Ábyrgð,
aðferð,
grunnur

Því verður ekki með orðum lýst hvað allt þetta klúður með ferðapjónustu fatlaðra er leiðinlegt. Illa undirbúin innleiðing á verkefni sem sjálfsgagt var heldur ekki búið að hugsa í botn. Og á engum tímapunkti í undirbúningnum virðist neinum hafa dottið í hug að spjalla við farþegana eða fulltrúa þeirra.

Það vantar ekki að markmiðin eru góð. Bílar voru orðnir gamlir og það var auðvitað löngu tímabært að bæta þjónustuna. Aðferðin og framkvæmdin eru hins vegar allt annar hlutur.

Sennilega er það bara hreinasta heppni að ekki hafa orðið alvarleg óhöpp eða slys. Stúlka gleymist í bíl um hávetur. Maður skilinn eftir á vitlausum stað. Kona fest við hljólastól sinn með þeim hætti að henni var ómögulegt að losa sig, og þannig skilin eftir við anddyri heimilis síns.

Sumum finnst fljótlegast að skella skuldinni bara á bílstjóra. Það er hins vegar hvorki rétt né sanngjarnt. Við blasir að ábyrgðin á öllu málinu liggur allt annars staðar. Hún liggur hjá stjórn og stjórnendum Strætó, sem undirbyggja þessa misheppnuðu innleiðingu. Hún liggur líka hjá þeim aðilum sem tóku ákvörðun um þessa leið og aðferðir í upphafi. Hverjir voru það? Hvenær voru ákvarðanir teknar og hver voru rökinn?

Atli Þór Fanndal blaðamaður leitar svara við þessu hér í blaðinu. Niðurstaðan virðist eiginlega vera sú að ákvarðanir í þessu sorglega máli hafi tekið sig sjálfar. Ósögd og óskýr markmið um útboð og einkavæðingu virðast hafa ráðið ferðinni. Í framhaldinu er eins og hlutirnir lendi á einhvers konar sjálfstýringu.

Annars kemur nú skýrt fram í umfjöllun Atla Þórs að svo snemma sem árið 2012, varaði þáverandi staðgengill framkvæmdastjóra Strætó við „óvissu og óróleika“ sem gæti skapast við að hringla mikið með ferðapjónustu fatlaðra. Enda þótt einhverjir hafi sannarlega séð eitthvað fyrir, hefur ekki verið hlustað.

Ég kann ekki að segja hvort núverandi stjórn Strætó bs. á að axla ábyrgð á þessu máli öllu. Hún getur ekki hlaupið frá ábyrgð sinni á innleiðingunni, en upphaf málsins er ekki hjá þessari stjórn. Þar er við stærri öfl að glíma, sem segja má að séu í eðli sínu hugmyndafræðileg. Hugmyndafræði sem hefur verið ríkjandi að mestu hér á landi og í okkar heimshluta undanfarinn aldarfjórðung eða svo. Hún þýkir svo sjálfsögd að mönnum finnst þeir ekki þurfa að rökstyðja einkarekstur grunnþjónustunnar með öðru en að það sé í samræmi við ríkjandi kenningu. Þetta er einn angi málsins. Hann er mikilvægur og það skiptir máli að líka sé fjallað um hann.

Brýnast er þó að koma þjónustunni í lag. Vonandi tekst það sem fyrst.

Ingimar Karl Helgason

Hvenær er þetta afmæli?

Það hefur víst ekki farið fram hjá mörgum að á þessu ári er haldið upp á aldarafmæli kosningaréttar íslenskra kvenna. En er það virkilega rétt? Getur hugsast að kosningarétturinn sé bara 99 ára? Eða er hann kannski 94 ára þegar allt kemur til alls? Stórt er spurt og full ástæða til að leita svara.

Ástæðan fyrir spurningunni er sú að lögin frá Alþingi, sem Kristján konungur X staðfesti með undirskrift sinni þann 19. júní 1915, tóku gildi 19. janúar 1916. Sumir telja að réttara fari á því að halda upp á aldarafmælið 19. janúar 2016 og geyma hátíðahöld til næsta árs.

En hér þarf að fleiru að hyggja. Formæður okkar mörkuðu stefnu fyrir 100 árum þegar þær ákváðu að fagna staðfestingu konungs á lögnum á stærsta fjöldafundi Íslandssögunnar

til þess tíma á Austurvelli. Ekki gátu þær vitað hvaða dag konungur skrifaði undir lögin, en þegar skeyti barst hingað þann 19. júní um staðfestingu hans hófust þær handa við að undirbúa hátíðahöld. Þær völdu 7. júlí vegna þess að Alþingi kom saman þann dag. Þær þöktuðu þinginu með skrautrituðu ávarpi, (sem verður til sýnis í Landsbókasafni frá 16. maí) og konungi sendu þær símskeyti. Þannig fögnuðu íslenskar konur því að vera „viðurkenndar löglegir borgarar þjóðfélagsins“, eins og Briet Bjarnhéðinsdóttir sagði í frásögn af hátíðahöldunum í Kvennablaðinu 16. júlí 1915.

Dagurinn 19. júní hafði þó strax sérstaka merkingu hjá íslenskum konum. Þann 30. apríl 1918 skrifaði Briet í Kvennablaðið: „Hann er grundvallarlagadagur vor íslensku kvennanna,

Ummæli með erindi:

„Mikill (froðu)gróði var í íslenskum fyrirtækjum einkum fjármálafyrirtækjum á árunum fyrir hrun, arðgreiðslur gífurlegar og hlutabréfavelta líflæg. Hvað varð um þennan arð og söluhagnaðinn? Ekki fannst hann í gjaldþrota fjármálastofnunum og eignarhaldsfélögum. Þennan kafla hrunsögunnar vantar og þær skýringar sem hann gæti gefið á þeim atburðum sem hér urðu í hruninu og reyndar eftir það líka.

Upplýsingar um eign íslendinga í skattaskjólum eru mikilvægar ekki bara vegna hugsanlegra skatttekna og jafnræðis fyrir lögum heldur einnig til að upplýsa almenning um hvað raunverulega fór fram í aðdraganda hrunsins og ekki síst til að læra af því.“

- Indriði H. Þorláksson, fv. ríkisskattstjóri og ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Kynjahlutfall

Athugun á hlutfalli kynjanna í íþróttaumfjöllun Fréttablaðsins hefur vakið mikla athygli. Í grein sem birtist á vefritinu Knuz.is var bent á að í janúar hefðu konur verið til umfjöllunar í innan við 10 prósentum tilvika. Ekki verður annað séð en að Fréttablaðið sé að reyna að bæta þessa stöðu. Fjölmíðlafólk segir gjarnan að umfjöllun „endurspegli samfélagið“. Íþróttadeildir og raunar almennar fréttastofur þurfa víst reglulega að láta minna sig á að hlutfall karla og kvenna í samfélaginu er nokkurn veginn jafnt, þótt umfjöllun beri þess sjaldan merki.

Stórsigur

Lobbiistar fyrir því að áfengi verði selt í almennum verslunum eru nú á fullu með alls konar herferðir. Svo birtast á stangli fréttir um að kannski sé þingmeirihluti fyrir frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um þetta mál. Vera má að margir þingmenn styðji það markmið að selja áfengi í almennum matvöruverslunum og víðar, en jafnvel hörðustu stuðningsmenn hafa bent á að núverandi frumvarp er hrákasmíð, sem enginn getur samþykkt sem lög með góðri samvisku. Málið hefur þó skilað því að líklega eru fáir landsmenn sem ekki kannast við þingmanninn Vilhjálm Árnason. Það mun í stjórn-málum vera talið til allra stærstu sigra.

Sovét

Ásmundur Friðriksson samherji Vilhálms, virðist vera í heldur miklum mínus um þessar mundir. Fyrst voru



það undarlegar hugmyndir hans um sérstakar rannsóknir á íslenskum múslimum, sem samflokksmenn hans voru raunar fljótir að gagnrýna í spað. Síðan voru það ummæli hans um sovésku fiskveiðistjórna. Það hefði sennilega aldrei orðið mál ef hann hefði einfaldlega gengist við þeim ummælum sem áhorfendur sjónvarpsfrétta heyrdðu hann sjálfan segja. Hann valdi í staðinn að gera fréttamönnum Rúv upp óheiðarleika. Slíkt telst mönnum enginn vegsauki. En hver veit nema hann sjálfur líti á þetta sem sigur, sbr. ofangreint.

Vatnið

Sveitarfélög norðan við Hvalfjörð búa sig nú undir „íbúasprengru“ vegna fyrirhugaðrar verksmiðju. Spyrja má hvernig sveitarfélögin undirbúa innviðina fyrir nýbúana. Ekki er langt síðan að greint var frá því að á sambyli fyrir fatlaða í Hvalfjarðarsveit hafi mánuðum saman þurft að sækja vatn til drykkjar og þvotta á Akranes. Innviðaverkefnin eru því greinilega þegar fyrir hendi og ákaflega brýn, burtséð frá því hvort og hvenær verksmiðjur koma á staðinn.

Hissa

Ekki er annað að sjá en að fyrirhuguð hækkun á fargjöldum Strætó komi fólki verulega á óvart. Líka sumum borgarfulltrúum sem kvarta sérstaklega í fjölmiðlum. Er þeir sömu þó á launaskrá almennings við að fylgjast með þessum hlutum og taka ákvarðanirnar ... var það ekki?



Höfundur er Auður Styrkarsdóttir, formaður Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

undir þá breytingu á stjórnarskránni sem nam í burtu kynferði sem eitt lyklatríði í kosningarétti þegnanna. Og jafnvel væri aldarafmælið ekki fyrr en

Framhald á bls. 14.

Í FRÉTTUM

Ríkisleyndarmálin

Ólöf Nordal hafði ekki verið lengi í embætti innanríkisráðherra, þegar birt var reglugerð um vopnanotkun og heimildir lögreglu til slíkrar valdbeitingar. Fram að því hafði algjör leynd hvílt yfir reglunum. Fullyrt var að opinber stefna um heimildir lögreglu til valdbeitingar væri alls ekki pólitískt mál og kæmi fólki ekki við. Annað hefur komið á daginn og þegar hefur verið gagnrýnt að lögregla fari út fyrir heimildir sínar.



Sandkassinn

Borgarstjóri nefndi á dögnum að Reykjavík gæti sameinast Sel-tjarnarnesi. Sameining sveitarfélaganna hefur nokkuð verið til umræðu, enda þótt ekki sé kunnugt um neinar formlegar viðræður í þeim efnum. Umræðan að þessu sinni virðist aldrei hafa komist upp úr sandkassanum, en upphrópanir hafa gengið milli þingmanns Framsóknarflokksins sem býr á Nesinu, og fyrrverandi borgarstjóra, um hvort pleisið sé betra og hvorir reiði sig meira á hina.

Fókus

Ólafur Ólafsson, Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson voru sakfelldir í Al-Thani málinu svonefnda og dæmdir til margra ára fangavistar. Þetta mun vera í fyrsta sinn frá hruni sem æðstu stjórnendur einhvers hinna föllnu banka eru sakfelldir í Hæstarétti. Samfélagsmiðlar loguðu á fimmtudagskvöld, í kjölfar niðurstöðunnar, þó ekki vegna hennar, heldur vegna símaviðtals við Sigurð Einarsson í kvöldfréttum Sjónvarpsins.

Ómöguleikinn

Nú hefur verið upplýst að gögn sem boðin hafa verið um leynilegar eignir Íslendendinga í erlendum skattaskjólum eiga að kosta



150 milljónir króna. Fjármálaráðherra tók mikla dýfu í almenningsálitinu þegar hann skammaði skattrannsóknarstjóra um síðustu helgi. Hann þýkir hins vegar hafa vaxið mjög af afsökunarbeiðni og afdráttarlausum yfirlýsingum um að fólk eigi að borga skatta. Hann hafði hins vegar varla sleppt orðinu þegar flokksfélag og þingmaður Sjálfstæðisflokksins lýstu miklum efasemdum um þetta og sögðu efnislega að í þessu væri fólgin „pólitískur ómöguleiki“.

Útsalan

Viðskiptaráð hvetur til þess að opinber fyrirtæki og innviðir verði seld einkaaðilum. Spyrja má hversu fréttæmar slíkar yfirlýsingar ráðsins eru. Sennilega yrði það meiri frétt ef ráðið gengi af trúnni. Þegar nýjasti óskalisti ráðsins er kannaður, er þó ekki annað að sjá en að margt af honum sé þegar í eigu annarra en opinberra aðila, að mestu eða minna leyti. Það á til að mynda við grunnþjónustufyrirtækið HS veitur, sem færir fólki drykkjarvatn og rafmagn. Fyrirtækið var fært í hendur einkafjárfestis í fyrra, en vakti ekki mikil viðbrögð í samfélaginu að því er virðist, hvorki mikla athygli né umtal.


REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

6. TBL. 6. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fötspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenskurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.


„UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBID HJÁ ODDA“



ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA HÖRFUM KRÖFUHARÐRA VIÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL DEMIS Á VEITINGA-STÖÐUM & KAFFIHÚSUM.



VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.



© RÁN FLYGENRÍNG

MENNINGIN

Sköpunin fjármögnuð af almenningi

Hildur
Björgvinsdóttir



„Það geta allir sótt um, en almenna þumalputtareglan hjá okkur er að vera með skapandi verkefni. Semsagt verkefni sem miða að því að búa eitthvað til, hvort sem það er ný vara, listaverk, viðburður, þjónusta, eða slíkt. Ef fólk er í vafa er þó auðvelt að sækja um og við skoðum hvert verkefni fyrir sig,“ segir Arnar Sigurðsson, einn eigenda hópffjáröflunarsíðunnar Karolina fund. Hann segir einstaklingana sem stóðu að stofnun hennar haustið 2012 hafa átt það sameiginlegt að langa til að nýta sér möguleika samfélagsmiðla og netsins til að stefna ólíkum aðilum saman. Hópurinn hafi verið afar fjölbreyttur, þar hafi komið saman kvikmyndagerðarfólk, tónlistarframleiðendur, einstaklingar úr bankageiranum, verðbréfamiðlarar og allt þar á milli. Á sama tíma hafi hópffjármögnun á netinu verið að ryðja sér til rúms í heiminum og byggi Karolina fund á svipuðum módelum og þekkjast annars staðar þótt vefurinn hafi þróast áfram í sjálfstæða átt.

Á vefnum má finna fjöldan allan af skapandi verkefnum og getur almenn-ingur lagt sitt af mörkunum til að þau megi verða að veruleika með því að styrkja þau um tiltekna upphæð. Oftast fær sá sem styrkir eitthvað í staðinn sem tengist verkefninu, hvort sem er um að ræða tónleikamiða, eintak af bók eða dvd eða annað, allt eftir upp-hæðinni sem styrkt er um.

Góð leið til að prófa hugmyndir

Alls hafa 97 verkefni náð settu marki í gegnum síðuna en um 70%-80% þeirra verkefna sem skráð eru ná settu markmiði. „Það er algengast að ná rétt yfir markið, en þó kemur af og til fyrir að verkefni „springur út“ og nær margöldu markmiði sínu. Við erum mjög ánægð með þetta hlutfall, 70%-80% verkefna sem ná að fjármagna sig, þetta er langt yfir því sem viðgengst á öðrum svipuðum síðum erlendis. Raunar vitum við ekki betur en að þetta sé heimsmet.“ Aðspurður hvað verði um þau verkefni sem ekki ná settu markmiði segir Arnar það sjálsagt misjafnt, ýmist sé önnur leið farin eða þau verði ekki að veruleika. „Einn af kostunum við hópffjármögnun

er að hægt er að prófa hugmyndir og framsetningu á þeim fyrirfram, áður en ráðist er í verkefnið. Í stað þess að t.d. prenta stórt upplag af bók og reyna svo að selja hana er að hægt að hópffjármagna hana fyrirfram og fá þá staðfestingu á því hvort maður sé að hitta í mark, eða hvort maður þurfi kannski að vinna betur í verkefninu.“ Ef verkefni nær markmiði sínu tekur Karolina fund 5% þóknun af því sem safnast en takist það ekki þarf sá sem stendur fyrir verkefninu ekki að greiða neitt.

Hlutfall þeirra sem styðja fleiri en eitt verkefni fer stöðugt stækkandi að sögn Arnars. Sjálfur hefur hann stutt 48 og segir það alltaf jafn gaman að fá í hendurnar afrakstur verkefnis sem aðeins hafi verið hugmynd þegar hann ákvað að leggja því lið og hefði jafnvel ekki orðið að veruleika nema vegna hans þátttöku.

900 hæfileikar saman komnir

Ekki er aðeins hægt að styrka einstaka verkefni með pening. „Hluti af sérstöðu Karolina Fund miðað við svipaðar lausnir era að við erum að þróa torg þar sem hæfileikar geta



Arnar Sigurðsson segir að upp undir 100 verkefni hafi náði settu marki í fjármögnun sinni á Karolinafund.

hitt fyrir hugmyndir, sem síðan hitta peninga. Þannig viljum við gefa fólki kost á að taka þátt í verkefnum, ekki bara með því að leggja til peninga, heldur bjóða fram krafta sína í víðari skilningi. Akkúrat núna erum um 900 hæfileikar skráðir, allt frá dansi til forritunar, endurskoðun og markaðssetning. Við munum þróa þennan hluta áfram, og draumurinn er Karolina geti stefnt saman öllum þessum mkilvægustu hráefnum sem þarf til að búa til eitthvað stórkostlegt og nýtt.“

Duldýrasafnið

Arngrímur Sigursson er einn þeirra sem fjármagnað hafa verkefni sitt í gegnum Karolina fund en hann gaf sjálfur út listaverkabókina Duldýrasafnið, sem inniheldur 34 myndir eftir hann af íslenskum hulduverum. „Myndunum fylgja textar úr þjóðsögum og fornritum sem lýsa útliti, hegðun og helstu einkennum duldýranna og því hvernig samskiptum þeirra er háttað við mennska nágranna sína.

Myndirnar í bókinni eru olíumálverk og er þeim ætlað að varpa nýju ljósi á sérstæða veröld íslenskra furðufyrirbæra.“

Ástæðuna fyrir að hafa valið hópffjármögnunarleiðina segir Arngrímur fyrst og fremst vera þá að um skemmtilegan möguleika sé að ræða til að kynna og fjármagna verkefni. Verkefnin ná almennt góðum árangri auk þess að fá oft góða athygli á meðan fjáröflunartímabilinu stendur.

Fleiri gefa út sjálfir

Mikill áhugi var á Duldýrasafninu á meðal almennings. Náði það 100% fjármögnun á fyrstu 24 klukkustundunum og endaði í 332% í lok fjármögnunarinnar. Gat Arngrímur því prentað stærra upplag en hann hafði lagt upp með í byrjun.

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og lærdómsríkt ferli. Mig grunar að með tilkomu hópffjármögnunar þá munu fleiri höfundar gefa út bækurnar sínar sjálfir. Það er meiri vinna sem



felst í því að gefa út sjálfur, höfundur þarf sjálfur að halda utanum alla þætti útgáfunnar, prentun, dreifingu, yfirlestur, hönnun og svo alla kynningarvinnu sjálfur. En ef að útgáfan gengur vel, þá fær höfundurinn meira fyrir sinn snúð.“

Áhættusamt að gefa út listaverkabækur

Úgáfuferlinu er lokið hjá Arngrími og komu Duldýrin út í desember. Hann segir að ef ekki hefði verið fyrir Karolina fund hefði fátt annað staðið til boða en að fara á milli útgefenda og sjá hvernig þeir tækju í bókina. „Það er áhættusamt að gefa út listaverkabækur og ljóðabækur og útgefendur eru ekkert endilega alltaf til í svoleiðis verkefni. Önnur leið hefði verið að fá fjármögnun í gegnum styrki, en þar eru margir um hituna og erfitt að komast að.“



Vestfirska fiskbúðin Sjávarhöllin Hólagarði efra Breiðholti

Við erum líka á facebook

Vita Biosa

PROBIOTIC

... E IN MEST SELDA GÓÐGERLABLANDA Í DANMÖRKU UNÐANFARIN 10 ÁR ...



„Vita Biosa getur haft mikil áhrif á bakflæði, brjóstsviða, andremmu, candida, þvagfærasýkingar, niðurgang, hægðartregðu og margt fleira. Hann hefur reynst bæði mér og mínum skjólstæðingum ákaflega vel. Ég mæli hiklaust með daglegri neyslu hans fyrir fólk á öllum aldri sem vill koma meltingunni í lag og halda henni í lagi.”

Hallgrímur Þ. Magnússon
Læknir

MEIRI NÆRINGARUPPTAKA

BETRI MELTING

BETRI LÍÐAN

ÁVÍSUN Á BETRI HEILSU 2015



Fæst í: Heilsuhúsinu Kringlunni, Lágmúla, Laugarvegi, Smáratorgi, Selfossi og Akureyri, Gló Fákafeni, Lifandi makaði, Mamma veit best, Heilsuverinu Suðurlandsbraut, Lyfsalanum Glæsibæ, Lyfjavalí Mjódd, Apótekinu í Spöng, Heilsutorginu Blómavali, Græna hlekknum, Systrasamlagið Seltjarnarnesi, Akureyrarapóteki og organic.is

MEDICINE FLOWER

AROMATIC APOTHECARY

Upplifðu nýjan heim í eldhúsinu

Breyttu bústinu í karamellubúst með 1-3 dropum

Lífrænir og hitaeningarlausir
Allt að 70% sterkari en aðrir bragðefnis dropar

Dökkt súkkulaði	Jarðaberja
Karamellu	Hindberja
Kaffi	Ferskju
Myntu	Mangó
Ananas	Græn epli
	Butterscotch



Fæst í: Gló Fákafeni, Heilsuhúsinu Kringlunni, Mamma veit best og organic.is

Hollustufreistingar

„Ég leita eftir hreinni og næringarríkri fæðu og elska þessar dásamlegu freistingar.”

Katrín Edda, afrekskona í Model fitness

Góð prótein
Flókin kolvetni
Góðar fitur
og svo mikið meira ...

Inniheldur EKKI: Hveiti, sykurl, ger, mjólkurafurðir og aukaefni

Fæst í: Hagkaup, Nettó Mjódd, Reykjanesbæ og Glerártorgi, Krónunni Bíldshöfða, Lindum og Granda, Viði, Nóatúni, Lifandi markaði, 10-11 Austurstræti, Borgartúni og Lágmúla, Shell Suðurfelli, Hagasmára og Vesturlandsvegi, Melabúðinni, Heilsuhúsinu Kringlunni, Lágmúla, Laugarvegi og Smáratorgi, Græna hlekknum, Heilsutorginu Blómavali, Lifandi markaði, Mamma veit best og Fjarðarkaup



LJÚFFENG T RISTAÐ MEÐ KÓKOSOLÍU
OG SALTFLÖGUM

VEGAN

LÍFRÆNT

GERLAUST

ÁN DÝRAAFURÐA

ÁN MJÓLKURAFURÐA

ENGINN VIÐBÆTTURSYKUR

SPROUTED WHEAT BREAD
WITH SUNSEEDS

SPROUTED WHEAT BREAD
WITH CARROT AND RAISINS

SPROUTED WHEAT BREAD
WITH DATES

SPROUTED WHEAT BREAD
WITH STEM GINGER

SPROUTED RYE BREAD

SPROUTED SPELT BREAD

RYE & STEM GINGER CAKE
WHEAT FREE



Hvað er spírubrauð?

Í spírubrauði er heilkornið spírað, hnoðað og bakað án þess að nokkru sé viðbætt.

Afhverju er það betra?

Við spírun eykst hlutfall próteins á kostnað kolvetnis, einnig inniheldur híðið fjölmörg steinefni.

Fæst í: Hagkaup, Nettó Mjódd, Reykjanesbæ og Glerártorgi, Gló Fákafeni, Viði, Lifandi markaði, Melabúðinni, Heilsuhúsinu Kringlunni, Lágmúla, Laugarvegi, Smáratorgi og Selfossi, Heilsutorginu Blómavali, Græna hlekknum, Mamma veit best, Fjarðarkaup og organic.is

Deilt var um hvar þjóðhöfðinginn ætti að búa:

Álitamál á Bessastöðum

„Það var álitamál hvort sú saga sem tengdist Bessastöðum og ofurvaldi danska konungsins hefði góð eða slæm áhrif við val bústaðarins,“ segir Sigríður Agnes Sigurðardóttir um forsetabústaðinn. Hún fjallar um val á bústað þjóðhöfðingjans í BA ritgerð sinni í sagnfræði við Háskóla Íslands, en ritgerðina skrifaði hún undir handleiðslu Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings.

Í ritgerðinni er sagt frá því þegar ákveðið var að þjóðhöfðingi Íslands, fyrst ríkisstjóri, 1941, og síðar forseti, hefði búsetu á Bessastöðum. „Þegar bústaður ríkisstjóra var valinn var haft að leiðarljósi að húsnæðið yrði bústaður þjóðhöfðingja til frambúðar. Aðrir staðir en Bessastaðir komu til greina,“ segir Sigríður Agnes. Hún segir við blaðamann að sá annar staður sem helst hefði komið til greina hafi verið Frikirkjuvegur 11, hús Thors Jensens. „Það voru helst sjálfstæðismenn sem töluðu fyrir Frikirkjuveginum,“ segir Sigríður Agnes.

Vildi Thor selja?

Thor Jensen hafi á þessum tíma verið fluttur upp í Mosfellssveit. Hugsanlega hafi hann viljað losna við húsið. Málið hafi verið skoðað. Ríkisstjórnin hafi látið meta húsið og eigandi hússins hafi líka hvatt til matsmann. Rökin fyrir þessari staðsetningu hafi einkum verið staðsetningin. Húsið stendur við Tjörnina í Reykjavík, í hjarta borgarinnar og stutt frá höfninni. „Þau rök

voru yfirleitt notuð að verið væri að fela Reykjavík fyrir erlendum fyrirmennnum með því að fara með það beint upp í sveit,“ segir Sigríður Agnes. Einnig hafi verið nefnt í umræðum um málið á Alþingi að Lauganesspítala mætti einnig nýta í þessu skyni. Breski herinn hafði þá aðstöðu þar.

Bessastaðir gefins

- Hvað réði þá valinu á Bessastöðum?

„Sigurður Jónasson, framkvæmdastjóri átti Bessastaði á þessum tíma. Hann gaf ríkinu í raun jörðina, með ákveðnum skilyrðum reyndar. Ríkisstjóri myndi sitja á staðnum og ríkið myndi greiða honum fyrir framkvæmdir sem hann hafði lagt í á húsi og jörð,“ segir Sigríður Agnes. Auk þess hafi verið mikilvæg röksemd að á Bessastöðum hefði verið höfðingjasetur um margra alda skeið. Það var þó ekki óumdeilt. Málið hafi ekki runnið „léttilega í gegnum Alþingi“. Skipart skoðanir hafi verið um hvort þjóðhöfðingi skyldi búa í höfuðstöðnum eða hvort hægt yrði að ferðast með erlenda



Thor Jensen lét reisa húsið við Frikirkjuveg.

gesti frá höfninni í Reykjavík og út að Bessastöðum.

„Álitamál var hvort sú saga sem tengdist Bessastöðum og ofurvaldi danska konungsins hefði góð eða slæm áhrif við val bústaðarins. Annars vegar var þessi saga talin smánarblettur sem þyrfti að forðast. Hins vega gat það talist Íslendingum til framdráttar að hafa losnað undan konungi og táknrænt fyrir það væri að nýr þjóðhöfðingi sæti á þeim stað þar sem áður hafði verið aðsetur danska yfirvaldsins,“ segir í ágripi af ritgerð Sigríðar Agnesar á Skemmunni, sem er hluti af vefsetri Landsbókasafnsins.



Löng og fróðleg saga

Á heimasíðu forsetaembættisins er fjallað um sögu Bessastaða og þar er einnig rakið hvernig Bessastaðir urðu embættisbústaður fyrst ríkisstjóra og svo forseta. Þar segir meðal annars: „Bessastaðastofa var byggð 1761-66, í amtmannstíð Magnúsar Gíslasonar. Árið 1805 fluttist Hólavallaskóli, eini lærði skóli landsins, til Bessastaða og hlaut þá heitið Bessastaðaskóli. Hann starfaði þar til 1846 að hann

flutti til Reykjavíkur; á þeim árum sóttu skólann m.a. Fjölnismenn og aðrir leiðtogar sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þar sleit skáldið Benedikt Gröndal barnsskónum eins og hann lýsir í Dægradvöl. 1867 eignaðist skáldið og þingmaðurinn Grímur Thomsen Bessastaði og bjó þar tæpa tvo áratugi. Eftir að hann lést árið 1896 keypti Landsbanki Íslands Bessastaði, Lambhús og Skansinn af ekkju Gríms,

Jakobínu Jónsdóttur. Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþingismaður og kona hans Theodóra Thoroddsen skáldkona keyptu Bessastaði 1898 og bjuggu þar rausnarbúi með börnum sínum tólf til 1908 og áttu jörðina þar til Skúli lést árið 1916. Jón H. Þorbergsson bóndi bjó á Bessastöðum 1917-28 og Björgúlfur Ólafsson læknir 1928-40. Þá keypti Sigurður Jónasson forstjóri Bessastaði og hann afhenti síðan íslenska ríkinu staðinn að gjöf árið 1941 svo þar mætti verða bústaður ríkisstjóra og síðar forsetasetur.“

Framkoma bæjarstjóra

Þegar ég fletti vikublaðinu Reykjavík 31. jan. 2015 rak mig í rogastans. Á bls. 2 í blaðinu er grein, sem ber yfirskriftina „Fékk ekki að kveðja vinnufélagana“. Greinin fjallar um dóm Hæstaréttar, þar sem rétturinn dæmir Seltjarnarnesbæ til að greiða konu, sem ólöglega var vikið úr starfi hjá bænum 2,5 milljónir króna í bætur auk 800 þúsund króna málskostnaðar. Í greininni er rakið hvernig staðið var að brottvikningunni og satt best að segja rann manni kalt vatn milli skinns og hörunds við lesturinn. Með grein-

inni fylgdi mynd af bæjarstjóra Seltjarnarness og því er ekki hægt annað en að draga þá ályktun að greinarhöfundur telji hana hafa mikla eða alla ábyrgð í þessu máli. Ef svo er þá spyr maður hvort henni er sætt í þessu starfi þegar hún hefur valdið bæjarsjóði þeim skaða, sem að ofan greinir. Okkur íbúum Seltjarnarness þykir það vænt um bæjarsjóðinn okkar að við viljum ekki að kjörnir bæjarfulltrúar gangi þannig um hann að þaðan hverfi upphæðir sem milljónum skipta vegna framkomu þeirra og Hæstiréttur dæmir þá fyrir. Ég minni á að við íbú-

arnir erum stöðugt að greiða í þennan ágæta sjóð. Í sama blaði, vikublaðinu Reykjavík 7. febr. 2015 er grein um sama efni og ber hún yfirskriftina „Afar kaldranalegt“. Í niðurlagi beggja þeirra greina, sem vitnað er í hér að framan er þess getið að ekki hafi náðst í Bæjarstjóra Seltjarnarness vegna þessa máls. Þarna er um að ræða a.m.k. vikutíma og finnst mér það ekki kurteisi gagnvart forsvarsmönnum blaðsins eða lesendum að gefa ekki kost á viðtali eða svara þessum greinum. Birgir Vigfússon, íbúi á Seltjarnarnesi



Innbú frá London

Ákvörðun var tekin á Alþingi um húsnæðið þegar frumvarp um ríkisstjóra varð að lögum sumarið 1941. Eftir að Sveinn Björnsson var kosinn ríkisstjóri var unnið hratt að umbótum húsnæðisins og að kaupa allt innbú og flytja til Íslands frá Bretlandi. Þá þurftu hlutirnir að gerast hratt. Álit hafi verð fengið hjá sendiherra Breta, Howard Smith, og aðstoðarmanni

hans, Harris, varðandi húsgögn og niðurstaðan var sú að still hússins yrði tengdur við þann tíma sem það var byggt á, síðari hluta 18. aldar. Sendiherra Íslendinga í London, Pétur Benediktsson, hafi séð um að kaupa húsgögn, borðbúnað og allt annað sem þurfti til þess að ríkisstjóri gæti flutt inn. Ráðuneyti Breta hafi svo séð um að allt yrði sent eins fljótt og mögulegt var hingað til lands.



Menn hafa fengið ýmsar hugmyndir um Frikirkjuveg 11. Ein var að jafna húsið einfaldlega við jörðu og reisa á rústunum steinsteyptrar höfuðstöðvar undir Seðlabanka Íslands. Þetta var um 1970. Ekki urðu þær hugmyndir að veruleika, því Reykjavíkurborg samdi við Seðlabankann um að hann fengi heldur part af Arnarhóli, en þar standa nú höfuðstöðvar bankans.



Framkvæmdir fyrirhugaðar

Björgólfur Thor Björgólfsson kaup-sýslumaður á húsið að Frikirkjuvegi 11. Það var langafi hans Thor Jensen sem upphaflega lét reisa húsið, en það var um langa hríð í eigu Reykjavíkurborgar. Húsið hefur látið nokkuð á sjá. Að utanverðu má til að mynda merkja töluvert ryð á bárujárnir og við glugga. Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Björgólfs, segir við Reykjavík vikublað að fyrirhugað sé að gera húsið upp. Leyfi hafi fengist til þess að uppfylltum ákveðnum skilmálum Minjastofnunar. „Húsið er illa farið og fljótlega verður hafist handa við

endurgerð þess að utan. Það er alfríðað, svo hvert einasta smáatriði að utan verður gert í upprunalegri mynd.“ Ragnhildur segir að húsið sé ekki alfríðað að innan, en þar séu þó stíf skilyrði um ýmislegt. Á áætlun hafi verið að opna húsið almenningi fyrir ýmsa starfsemi, auk þess sem fyrirhugað sé að heiðra Thor Jensen með varanlegri sýningu um hann á veggjum hússins. Sú sýning er í undirbúningi, segir Ragnhildur. Til að mynda sé byrjað að safna ljósmyndum og fleiru sem tengdist Thor.

Vinnuvélar og tæki fyrir bæjarfélög og verktaka

SDMO



Rafstöðvar

Varafl allt upp í 3.300 kva

Mikið úrval SDMO rafstöðvum frá PM Energi allt upp í 3.300 kVA. Rafstöðvarnar eru fánlegar í hljóðeinangruðum kóssum og með beinum ræsibúnaði eða alsjálfvirkum. Það eru margar SDMO rafstöðvar í notkun hér á landi og má t.d. nefna Thor Data Center í Hafnarfirði sem er þrjár varaafstöðvar samtals hátt í 2000 kVA og 112 sem eru með SDMO rafstöðvar.

Daemo vökvahamrar



Heide Pumpen dætur



E-Tech borholudælur



Við leysum málin

Við sérhæfum okkur í innflutningi á nýjum og notuðum vinnuvélum og leggjum áherslu á fljóta og góða þjónustu. Okkar viðskiptavinir hafa ólíkar þarfir og því leggjum við okkur fram við að uppfylla óskir hvers og eins.



Okkar þjónustuaðilar hringinn í kringum landið

Hornafjörður

Vélsmiðja
Hornafjarðar
Álaugarvegi 2
780 Höfn
Sími 478 1340

Bolungarvík

Vélvirkinn sf.
Vélsmiðja
Hafnargata 8
415 Bolungarvík

Reyðarfjörður

Launafl ehf
Hraun 1
730 Reyðarfjörður
Sími: 414 9400

Tálknafjörður

Allt í járnum ehf
Hrafnadalsvegi
460 Tálknafjörður
Sími 456 2633

Hellissandur

Vélsmiðja
Árna Jóns ehf
Smiðjugötu 6
360 Hellissandi
Sími: 4366500

Dalvík

Vélvirkni ehf
Hafnarbraut 7
620 Dalvík
Sími: 466 1088

Vestmannaeyjar

Skipalyftan ehf
900 Vestmannaeyjar
Símar: 4883577

Húsavík

Vélsmiðjan Grímur
Garðarsbraut 48
640 Húsavík
Sími: 464 2303

CompAir

Áreiðanlegar, öflugar og traustar loftpressur

Loftpressur

- auðvelt aðgengi að búnaði
- lyftikrúkur á jafnvægispunkti
- stjórnborð með rafrænum skjá
- sjálfvirk stjórnun á loftflæði miðað við snúningshraða



Tækin sem klára verkið

Belle PCX 500E 100 kg
Létt og þægileg

Belle RPC 30/50 186 kg
Áfram og afturábak



Belle 36 mm steypuvibrator
2 eða 4 metra barki



ÁSAFL

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is



GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | solskalar@solskalar.is | www.solskalar.is



Viðhaldsfríir gluggar, hurðir, rennihurðir, sólskálar og svalalokanir

 Yfir 80 litir í boði.

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirbyggjandi hjá okkur.

ÚTTEKT

Strætó logar stafna á milli

Snemma árs 2012 varaði Hörður Gíslason, staðgengill framkvæmdastjóra Strætó bs., við þeirri „óvissu og óróleika sem skapast geti við að nýr aðili taki við [ferðaþjónustu fatlaðra]“ á fundi vinnuhóps Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, um útboð á þjónustunni. Upphaf málsins má rekja til hugmyndafunda á vegum samtakanna árið 2011 þar sem farið var yfir möguleika á samstarfi sveitarfélaganna. Á fyrsta fundi vinnuhópsins í mars 2012 lýsti byggðasamlagið Strætó sig óviljugt til að taka þátt í hugsanlegu útboði. Strætó var þannig utan allrar vinnu - að eigin vilja - allt frá mars 2012 til loka nóvember ársins 2013 þegar vinnuhópnum barst ósk frá Strætó um halda utan um útboð og umsýslu ferðaþjónustunnar.

Stjórn ekki með á nótunum

Stjórn Strætó veitir Reyni Jónssyni, þáverandi framkvæmdastjóra Strætó bs., heimild fyrir frekari samninga- viðræðum við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, í janúar 2014. Þá hafði byggðasamlagið verið utan málsins í um það bil eitt og hálf ár. Á fimmtánda fundi vinnuhópsins er ósk Strætó tekin fyrir. Rifjað er upp að frá upphafi hafi Strætó ekki viljað taka að sér umsýslu og útboð vegna ferðaþjónustunnar. Í fundagerðum kemur fram að fulltrúi Reykjavíkurborgar bendir á að undirbúningur útboðs sé

á lokastigi. Unnið hafi verið út frá því að Strætó ætli sér ekki að taka að sér verkið. Á næsta fundi hópsins sem haldinn er í upphafi janúar 2014 er ljóst að samstaða er um að Strætó fari með umsýslu útboðsins en sjái ekki um akstur. Á þessum tíma hefur stjórn byggðasamlagsins ekki veitt umboð, en það er eins og áður segir veitt á stjórnarfundum í lok mánaðarins.

Einkavæðingin öðlast sjálfstætt líf

Við vinnslu fréttarinnar ræddi Reykjavík vikublað við fjölda fólks sem kom að þeirri ákvörðun að sveitarfélögin á

höfuðborgarsvæðinu færu í sameiginlegt útboð á ferðaþjónustu fatlaðra. Markmiðið var að rekja ákvörðunartökuna en um leið komast að því hvað hefði farið úrskeiðis. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vinnur nú í úttekt á stöðu mála en skipuð var neyðarstjórn sem fer yfir það sem úrskeiðis hefur farið við framkvæmd á Ferðaþjónustu fatlaðra. Viðmælendur voru spurðir hvaðan sú hugmynd kæmi að fara yrið í útboð - það er að víkja ætti frá þeirri stefnu að Strætó bs. sæi sjálft um akstur og umsýslu eins og verið hafði hjá Reykjavíkurborg allt frá því í kringum 1980. Það hefur reynst erfitt að finna afgerandi upphafspunkt þeirrar ákvörðunar - raunar virðist sem svo að einkavæðingar- eða útboðsstefna þegar kemur að akstri, hafi snemma í ferlinu öðlast sjálfstæða tilveru. Það var skilningur embættismanna að þeim væri ætlað að fara þessa leið og hún væri ákvörðun kjörinna fulltrúa.

Í ágúst árið 2011 skilaði vinnuhópur SSH lokaskýrslu um ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan



Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður Strætó.

er til komin í kjölfar hugmyndasmiðju samtakanna um hugsanlegt samstarf sveitarfélaganna á ýmsum sviðum. Hópurinn er fyrst og fremst skipaður embættismönnum frá sveitarfélögunum. Í niðurstöðu hópsins segir að „góð lausn á samvinnu í ferðaþjónustu fatlaðs fólks og blindra“ þyrfti að uppfylla skilyrði markaðslausnar. Það er í kjölfar þessar skýrslu sem vinnuhópur um útboðið er settur saman. Honum var ætlað að klára útboðið í nóvember sama ár. Hópurinn kom þó ekki saman fyrr en í mars 2012.

Pólitísk stefnumótun

Á sama tíma hefur sú pólitíska stefnumótun verið samþykkt að Strætó skuli í auknum mæli bjóða út akstur fyrirtækisins. Um það bil 40% af akstrinum eru í höndum verktaka. Sú ákvörðun á sér lengri aðdraganda en vinnan við sameiginlegt útboð allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins á ferðaþjónustu fatlaðra. Sú stefna var raunar mörkuð við stofnun byggðasamlagsins, jafnvel fyrr, og helgast meðal annars af því að önnur bæjarfélög en Reykjavík höfðu boðið út almenningssamgöngur. Sú hugmynd að færa Strætó í að vera í rauna aðeins umsýslufyrirtæki almenningssamgangna en ekki þann sem sinnir sjálfum akstrinum hefur því hægt og rólega skotið rótum.

Reynslan mikilvæg

Í kringum 1980 hóf SVR að sinna ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík. Í fundagerð vinnuhópsins um málið segir að upphaflega hafi einn bíll farið um 3000 ferðir á ári en árið 2012 séu um það bil 50 bílar sem sinna um 400 þúsund ferðum á ári. Hér er aðeins átt við ferðaþjónustuna í Reykjavík ekki annara sveitarfélaga. Á fundi undirbúningshóps sveitarfélaganna í mars 2012 er farið yfir reynslu Strætó af rekstri ferðaþjónustunnar. Þar segir: „Eiginleikar bílstjóranna skipta sköpum um þjónustuna það er [að segja] reynsla þeirra og afstaða til verkefnisins. Þeir 13 menn sem annast aksturinn nú á 10 bílum strætó eru af þeim sökum „handvalin elíta“, flestir með langa reynslu.“

Þrátt fyrir þessa lýsingu Harðar, fulltrúa Strætó, virðist það aldrei í ferlinu hafa hvarflað að vinnuhópnum, stjórn Strætó, framkvæmdastjórn né kjörnum fulltrúum að efast mætti um þá ákvörðun að færa aksturinn; það er framkvæmdina sjálfa, út úr fyrirtækinu í hendur verktaka.

Ódýrara

Í skýrslu SSH frá 2011 kemur fram að verð á hverja ferð sem farin er í Reykjavík árið 2011 sé um 2.111 krónur en



Reynir Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri.

meðalkostnaður í smærri sveitarfélögum sé 1.639 kr. Það er úr þessum samanburði sem hugmyndir um að spara allt að 116 milljónir koma. Þess skal getið að sparnaðinum var ekki ætlað að skila að sér í lægri fjárframlegm af hálfu sveitarfélaganna, heldur átti að nýta þann mun til að ná fram skilvirknissparnaði sem bæta myndi þjónustuna. Þannig átti fyrir sama fé og þegar er lagt í þjónustuna að stytta pöntunarfyrirvara farþega, lengja opnunartíma þjónustuværs og stytta viðveru hvers og eins í bílum. Aftur er bent á það í upphafi ferlisins að þessi verðsamanburður sé ekki brúklægur enda sé ekki sama þjónustustigs, lengd ferða sé mismunandi sem og annara þátta.

Næsta eina og hálf árið hefur Strætó ekki aðkomu að málinu. Í nóvember árið 2013 óskar félagið eins og áður segir eftir að sjá um útboðið en þá með breyttum forsendum. Nú skal bjóða allan akstur út - losa sig við hina „handvöldu elítu“ sem sinnir akstrinum en þess í stað fjárfesta frekar í Trapez-hugbúnaði fyrirtækisins. Trapez er það kerfi sem Strætó hefur notað um nokkurt skeið til að ná fram hvað bestri nýtingu á leiðum, starfsfólki og þjónustuveri. Kerfið er afar óvinsælt meðal starfsmanna Strætó á gólfi en nýtur vinsælda meðal stjórnenda fyrirtækisins.

Purrkuðu þekkinguna úr fyrirtækinu

Við stefnumótun og innleiðingaverfi þjónustunnar kom ítrekað fram að bílstjórarnir sjálfir byggju yfir mikilli þekkingu á stöðu þeirra sem nýta þjónustuna. Fyrir breytingar lá styrkur ferðaþjónustunnar í þessari þekkingu bílstjóranna en um leið ákveðinn veikleiki. Það er kallað rassvasabókhald þegar ekki er lögð vinna í halda miðlægt utan um stofnanaminni og þekkingu heldur er hún þess í stað í kolli hvers og eins. Varað var við þessu í ferlinu og ítrekað bent á en eitthvað veldur því að ekki var tekið nægilega vel á þeim málum. Eftir innleiðinguna hefur Reykjavík ráðið starfsmann sem hefur það eitt hlutverk að safna saman upplýsingum. Þetta var þó ekki gert í upphafi eins og bent var á að þyrfti.

Í minnisblaði sem Strætó lét gera fyrir sig og fjallað var um í fréttum RÚV í janúar kemur fram að minnst sjö starfsmenn í akstri hafi ekki viljað ráða sig í vinnu til verktaka sem nú áttu að sinna þjónustunni í upphafi árs. Þeim var öllum sagt upp í fyrra. Þá kemur einnig fram að ekki hafi tekist að sinna námskeiðahaldi fyrir nýja bílstjóra. Þar kemur líka fram að breytingarnar hafi haft neikvæð áhrif á þjónustuna.

LAGERSALA

Allt að 80% afsláttur



HÚSGAGNAVERSLUN

Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður

Sími: 565 4100 - www.nyform.is

Við kunnum að meta þig

Hefur þú starfað við iðngrein og vilt ljúka sveinsprófi?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig.



IDAN
fræðslusetur

590 6400 - www.idan.is



Atli Þór Fanndal

Óefni löngu ljóst

Mál Ólafar Þorbjargar Pétursdóttur, átján ára þroskaskertrar og mállausrar stúlku, sem gleymdist klukkutímum saman í bíl á vegum Strætó varð til þess að gripið var til neyðarúrræða. Hins vegar var þegar ljóst í nóvember að innleiðingin ætti ekki eftir að fara vel. Fjöldi svipaðra mála hafa komið upp undanfarið. Sveitastjórnir hlustuðu ekki á viðvaranir fyrir áramót um að breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra væru ekki nógu vel undirbúnar, sagði varaformaður Sjálfsbjargar í samtali við RÚV fyrr í mánuðinum. Nokkur mál hafa komið til umfjöllunar opinberlega, önnur ekki. Við vinnslu fréttarinnar varð blaðamaður meðal annars áskynja um mál þar sem atbeina lögreglunnar þurfti til. Þroskaskertur maður sem lítið getur tjáð sig var skilinn eftir án þess að nokkur tæki á móti honum. Lögregla var að lokum kölluð til enda gat hann hvorki tjáð sig né komið sér heim að sjálfsdáðum. Blessunarlega fór allt vel.

Stjórnleysi og tortryggni

Um langa hríð hefur andi tortryggni, reiði og ósættis verið ríkjandi innan Strætó. Kjörnir fulltrúar, stjórn samlagsins og framkvæmdastjórn hafa mánuðum saman haft alla burði til að gera sér grein fyrir þessu. Fjallað hefur verið um málið innan stjórn-sýslunar sem og í fjölmiðlum. Samstarfsörðugleikar innan fyrirtækisins hafa náð slíkum hæðum að launafulltrúi fyrirtækisins hefur fengið nafnlaus bréf og hótanir, eldri starfsmenn telja sig niðurlægða með tilfærslun og framkomu sem virðist aðeins eiga að



Staðgengill framkvæmdastjóra Strætó varaði við „óvissu og óróleika“ í tengslum við stórar breytingar á ferðaþjónustu fatlaðra.

þjóna því markmiði að niðurlægja þá, þar til þeir gefast upp og hætta sjálfir, í stað þess að vera sagt upp með tilheyrandi réttindum. Nýleg tilfærsla fyrrverandi launafulltrúa, sem starfað hefur hjá fyrirtækinu um langt skeið, í störf við tiltekt er sögð merki um kerfisbundna bresti í framkomu við starfsmenn. Menn séu ekki reknir, heldur niðurlægðir þar til þeir fari.

Hótanir um útboð

Reykjavík vikublað hefur áður fjallað um stöðu mála innan fyrirtækisins. Í gögnum sem blaðið hefur undir höndum sést greinilega hið mikla vantraust sem ríkir innan Strætó. Allt frá kosningum til trúnaðarráðs til tölvuvæðingar fyrirtækisins getur af sér rifrildi og tortryggni. Vandamál við launagreiðslur undanfarna mánuði hefur þrýst tortryggni í nýjar hæðir.

Óánægja er gríðarleg, viðloðandi og kerfisbundin. Í september síðast liðnum greindi Reykjavík vikublað frá samskiptum yfirmanna og starfsfólks í kjölfar hótunarbréfs sem sent var til vagnstjóra fyrirtækisins. Þeim var þar gerð grein fyrir því að ef þeir myndu neyta andmælaréttar vegna innleiðingar myndavélakerfis, þá þýddi það uppsögn. Þetta var sent til starfsmanna enda þótt þeir hafi allan rétt til þess að gera athugasemdir.

Starfsmenn taki á sig hagræðingu

Strætó hefur undanfarin ár gengið í gegnum miklar breytingar og skilvirknishagræðingu. Starfsfólk fyrirtækisins, sérstaklega bílstjórar, telja sig bera þann hagnað í sífellt verri kjörum, harkalegri framkomu og lítilsvirðingu. Reykjavík vikublað hefur

um nokkurn tíma haft vaktaupplýsingar nokkura bílstjóra undir höndum. Á vaktafyrirkomulaginu má sjá að bílstjórum er gert að hlaupa á milli vagna, hvíldartími er í lágmarki og raunar ill framkvæmanlegur ef gögnin eru skoðuð. Þá virðast reglur um hvíldartíma bílstjóra ekki gilda um starfsfólk Strætó. Í handbókum bílstjóra má sjá vaktafyrirkomulag og ferðaupplýsingar þar sem sama ferð, á sama tíma dags, farandi sömu vegalengd er reiknuð með skemmri vinnutíma fyrir bílstjóra. Mismunurinn er gjarnan það sem nemur lágmarkskröfu um hvíldartíma. Þeir bílstjórar sem blaðið hefur rætt við á undanförunum mánuðum segja framkvæmdina í raun þýða að bílstjórar fái ekki hlé og komist jafnvel ekki á salernið. Þess skal þó getið að nýr framkvæmdastjóri er sagður sýna vilja í verki til að breyta um siði.

Raunar var sagt að svona tilvik séu því sem næst horfin.

Reynir látinn fara

Höfundur þessa stjórnunarstíls er sagður hafa verið Reynir Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Strætó.

Reynir var látinn fara eftir að stjórn byggðasamlagsins sagði að trúnaður ríkti ekki þar á milli. Þetta var rétt eftir að upp komst að hann hefði keypt sér jeppa fyrir 10 milljónir á kostnað fyrirtækisins. Það hafði hann gert án samráðs við stjórnina. Mánuðina áður hafði Reykjavík vikublað leitað álits stjórnarformanns á stjórnunarstíl Reynis, samskiptum við starfsmenn sem og þann kæk Reynis að hóta útboði þegar starfsfólk gerði kröfu um virðingu. Þá lýsti Bryndís Haraldsdóttir því yfir að Reynir nyti trausts. Það var ekki fyrr en jeppakaupin urðu að blaðamáli sem traustið hvarf.

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, tók nýlega við starfinu, en það var auglýst skömmu eftir brothvarf Reynis. Á tölvupóstssamskiptum starfsmanna og framkvæmdastjórnar sem blaðið hefur undir höndum er ljóst að hann á mikið verk fyrir höndum til að sýna að hann hyggist breyta áherslum í stjórnun og samskiptum við starfsfólk. Stjórn byggðasamlagsins hefði átt að vera þetta allt ljóst fyrir löngu.

Rætt var við starfsfólk Strætó, embættismenn sveitarfélaga, fulltrúa stjórnar og yfirmenn hjá Strætó bs. við vinnslu fréttarinnar.



Nelsen.is & Vinnustofan.is - 2015

FRAMÚRSKARANDI FJÖLBREYTT

Egilshöllin í Grafarvogi er stærsta íþrótt- og afþreyingarmiðstöð sinnar tegundar á Íslandi. Þar undir sama þaki eru m.a. Sambíóin, Keiluhöllin, World Class og íþróttafélagið Fjölnir með fjölbreytta og skemmtilega starfsemi.





Svavar Halldórsson

Afeitrun

„Hættum að vera svona sæt“ var yfirskrift þessa pistils fyrir viku. Þar birtist hvatning undirritaðs til íslenskra matvælaframleiðslufyrirtækja og foreldra um að snúa við þeirri óheillaþróun sem hefur gert Íslendinga að einni mestu sykurneysluþjóð í heimi. Undirritaður hvatti Mjólkursamsöluna sérstaklega til þess að taka til í sínum ranni og hætta að menga frábærar íslenskar landbúnaðarafurðir með dauðhreinsuðum og næringarsnauðum hvítum sykri. Það má gera með því að draga smátt og smátt úr sykurmagni í mjólkurvörum á næstu tíu árum. Þannig er hægt að „afeitra“ þjóðina og kenna börnunum okkar að meta aftur edlilegt bragð af mjólkurvörum. En af hverju ættum við að gera það?

Að hætta á hnefanum


Hætti fólk skyndilega að borða sykur eru líkamleg áhrif merkjanleg á örfáum klukkustundum. Helst má líkja þessu við það þegar fólk segir skilið við eiturfjadjöfulinna eða hættir að reykja. Algengt er að fólk verði órólegt, pirrað og finni fyrir nánast óstjórnlegri löngun í sætindi. Sú löngun hverfur ekki fyrr en einni til tveimur vikum eftir að sykurátinu er hætt. Til samanburðar segja viðurkennd fræði okkur að mesta nikótínlöngunin

hverfi á þremur sólarhringum þegar menn drepa í síðustu rettunni. Flestar hliðarverkanirnar eru hins vegar jákvæðar. Eftir nokkrar sólarhringa í sykurleysi finna flestir fyrir aukinni orku og læknávisindin segja okkur að ónæmiskerfið styrkist mikið á stuttum tíma. Blóðið verður hreinn og hætta á hjartasjúkdómum minnkar. Fólk sefur líka betur á nóttunni.



Viðbættur sykur í dulargevi

Fyrir viku sögðum við frá frábæru átaki landlæknisembættisins sem hefur opnað vefsíðuna sykurmagn.is. Tilgangurinn er að „auka færni barna og foreldra þeirra í fæðuvali“ eins og þar segir. Málið er auðvitað að oft er það sem girnilegast lítur út í augum barna ekki endilega það sem hollast fyrir þau. Vissulega er náttúrulegur sykur í ýmsu sem við borðum, ávöxtum og hreinum mjólkurvörum. Það er hins vegar viðbætti sykurrinn sem er vandamálið – og hann getur verið til í ýmsum myndum eins og talið er upp á síðunni; hrásykur, púðursykur, melassi, siróp, agavesiróp, glúkósi (þrúgusykur), ávaxtasykur (frúktósi), og náttúrulegan. En það skiptir ekki máli hvað hann heitir. Viðbættur sykur er viðbættur sykur og „almennt er ekki hollara að bæta í matvælin einni tegund sykurs umfram aðra.“



Foringi hinna sykurlausu

Framtak landlæknis er til fyrirmyndar og allir ættu að skoða síðuna sykurmagn.is, sér til fróðleiks. En að öðrum ólöstuðum er Gunnar Már Sigfússon í hópi þeirra Íslendinga sem hefur hvað mest áhrif á matarræði þjóðarinnar þessa daganna. Hann hefur verið í broddi þeirrar hreyfingar sem tekið hefur upp lággolvetna matarræði – og raunar lífsstíl – og gefið út hverja met-sölubókina á fætur annarri um hvernig fólk getur snúið við blaðinu og öðlast betri heilsu og bjartara útlit með því að segja kolvetnunum stríð á hendur. Sú hreyfing er svo öflug að hún hefur orðið merkjanleg áhrif á hagtolur. Sala á fituríkum mjólkurafurðum hefur stórauðist, svo nú setja bændur allar kvígur á og færri fara í sláturhús. Þetta hefur svo aftur valdið kjötskorti á tímabilum.

Bjartari tíð


Nú hefur Gunnar Már líka sagt sykrunum stríð á hendur. Hann hvetur



fólk til þess að hætta með öllu að borða sykur. Hann hefur gefið út bók um það hvernig maður getur slitið sig frá sykrunum á sex vikum, heldur námskeið o.s.frv. Svo virðist sem þúsundir hafi hlýtt kallinu. Á fimmta þúsund hefur smeltt læki á fésbókarsíðu átaksins og fjöldi skráð sig til leiks á vefsíðunni. Við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða heims sem borðum mestan sykur allra. Það verður spennandi að sjá hvort áhrifa Gunnars Márs og hans sykurlausu fylgismanna muni gæti í sykur-hagtölum á næstu misserum. Ætli þeim takist, í samvinu við landlækni og fleiri – að kenna okkur Íslendingum umgangast sykur.

- Múrverk / múrviðgerðir.
- Plötusteypa / vélslípun.
- Flísalagnir.
- Háprýstipvottur.
- Flotun á gólfum.

- Lagfæring á gömlum og skemmdum gólfum.
- Demantsslípun, slípum málningu af gólfum.



Vélslípun & flotun ehf.

Sími 891 9193 • velslipun@simnet.is

Grant Thornton er framsækið og leiðandi endurskoðunarfyrirtæki



Grant Thornton er eitt af leiðandi alþjóðlegum samtökum endurskoðunar- og ráðgjafarfirmakerja sem veitir viðskiptavinum sínum faglega og persónulega þjónustu á sviði fjármála og viðskipta.

Það er keppikefli okkar að aðstoða viðskiptavinum við að ná markmiðum sínum þannig að þeir hafi af þjónustunni sýnilegan ávinning.



Grant Thornton

www.GrantThornton.is

Endurskoðun • Ráðgjöf

Heimspækikaffi í Gerðubergi:

Dýpri lögmál náttúrunnar

Samband manns og náttúru er í uppnámi og verkefnið framundan er að koma á nýju jafnvægi en þar koma bæði siðfræði og yogafraði sterklega við sögu.“ Þetta segir í fréttatilkynningu um Heimspækikaffi, en Gunnar Hersveinn rithöfundur mun á í Gerðubergi miðvikudaginn 18. febrúar tengja saman

nokkur lykilhugtök milli manns og náttúru og Ásta Arnardóttir leiðsögukona og yogakennari segja frá gönguferðum þar sem fléttað er saman yoga og göngu um hálendisviðernin ásamt fræðslu um yogavísindin og hvernig þau endurspeglar dýpri lögmál náttúrunnar. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Borgarbúar leggja fram fjölbreyttar hugmyndir:

Kosið um framkvæmdir

Í búakosning um ýmis verkefni í hverfum borgarinnar hefst á þriðjudaginn. Í hverju af hverjum borgarinnar er kosið um allt að 20 hugmyndir sem fólk hefur lagt fram á Betri Reykjavík. Í allt stendur til að verja 300 milljónum króna til verkefnanna, en mismunandi er hversu háa upphæð hverju hverfi er gert að móða úr.

Verkefni sem íbúar leggja til eru af ýmsum toga. Þannig er meðal hugmynda úr Grafarholti og Úlfarsárdal að gera hringtorg á gatnamótum Vínlandsleiðar og Þúsaldar. Árbæingar hafa lagt til að lýsing verði sett á leiksvæðið í Hólsvaði og að sett verði upplýsingaskilti um fjallasýn á göngustíg efst í hverfinu, svo dæmi séu tekin. Íbúar í Hlíðunum hafa lagt til hjólabrettaramp á Klambatúni, að sett verði upp rathlaupabraut í Öskjuhlíð og jafnframt að stríðsminjum í Öskjuhlíðinni verði gerð skil með fræð-



Horft yfir Árbæjarstífluna á öðrum og mildari árstíma. Í forgrunni má sjá vatnshana, en íbúar í Árbænum vilja fleiri slíka.

andi skiltum. Grafarvogsbúar geta meðal annars kosið um að leiksvæði í Hamrahverfi verði lagfærð og bætt, rétt eins og leiksvæðið milli Flétturima og Berjarima, og leiksvæðið við Vesturhús, sem og leiksvæðið við Frostafold. Þá er lagt til að hundagerði verði komið upp á Gufunesi.

Allar hugmyndirnar er hægt að

skoða á vef Reykjavíkurborgar. Kosningin er rafræn og fer fram á kosningavefnum: <https://kjosa.betriereykjavik.is>. Fólk 16 ára og eldra sem er með lögheimili í Reykjavík hefur rétt til að kjósa.

Kosningin hefst á miðnætti 17. febrúar og stendur til miðnættis 24. febrúar.

Minni sykurlöngun

Aptiless spínat

með Thylakoids

Stútfullt af hollustu
1 skammtur = 5 bollar af fersku spínati
100% náttúrulegt

frábært í boostið

Minni hungurtilfinning Útsölustaðir apótek og heilsubúðir.

Rauðrófu kristall

100% náttúrulegt ofurfæði

Einstök virkni og gæði - **þú finnur muninn**

Nitric Oxide Superbeets
allt að 5 sinnum öflugri

1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Fæst í Apótekum og heilsubúðum

Seltjarnarnes:

Nýtt leiksvæði

Nýtt leiksvæði hefur verið tekið í notkun við leikskóladeildina Holt. Hún er á neðri hæð safnað-

arheimilis Seltjarnarneskirkju. Þetta þýkir kærkomin viðbót við aðstöðuna í Holti og fullýrt er á vef Seltjarnarnes-

bæjar að börn og ekki síður fullorðnir séu ánægð með framtíð.

Skjólveggur umlykur leiksvæðið á þrjá vegu. Þarna eru ungbarnarólur, sandkassi og vöndunarhús. Í Holti eru að jafnaði 16 börn úr yngsta aldurshópi leikskólabarna frá 13 mánaða aldri.

Jafnréttisnefnd Seltjarnarness:

Rannsaka launamun

Jafnréttisnefnd Seltjarnarness hefur sett í gang vinnu við að rannsaka „hvort óútskýrður launamunur sé til staðar í rekstri bæjarins“.

Tillaga um þetta var tekin fyrir í bæjarstjórn Seltjarnarness fyrir jól og vísað til jafnréttisnefndarinnar. Samkvæmt tillögunni á að uppræta launamuninn

hið snarasta. Jafnréttisnefndin hefur falið „félagsmálastjóra að ræða við starfsmannastjóra og mannauðsstjóra um hvernig best sé að standa að slíkri úttekt og hefja drög að undirbúningi hennar í samstarfi við þá,“ eins og segir í fundargerð nefndarinnar frá í vikunni

Príf ehf

SÍMI 89 89 566

www.prif.is / www.thrif.net

netfang: thrif@centrum.is

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í útleigu fyrir túrista.

Framhald af bls. 4.

1. janúar 2021 þegar sú breyting öðlast gildi. Samkvæmt því á kosningaréttur kvenna 94 ára afmæli á þessu ári.

Þá var bent á hefðina. Eigum við að kollvarpa henni fyrir reglufestu og vísa þar með fyrri hátíðahöldum kvenna á bug sem markleysu, eða í besta falli vandræðagangi? Hin langa hefð, og skrif Brietar í Kvinnablaðinu 1918, sem ég vísaði til hér ofar, sannfærðu allar um að ekki væri rétt að vera svo stíf í falsinu. Við höfum því kosið að fagna þessum áfanga, þessu fyrsta skrefi í átt til jafnréttis, eins og formæður okkar gerðu og hafa gert allar götur síðan, þótt lögin 1915 væru þessum mikla annmarka háð. Dagurinn 19.

júní er grundvallarlagadagur íslenskra kvenna.

Við erum ekki ein á báti með að miða afmæli kosningaréttar við samþykkt þings og/eða undirskrift konungs. Konur í Danmörku fagna aldarafmæli síns kosningaréttar þann 5. júní næstkomandi. Þann dag fyrir réttum 100 árum staðfesti Kristján konungur X lög frá danska þinginu um kosningarétt danskra kvenna með undirskrift sinni. Norskar konur fögnuðu aldarafmælinu þann 11. júní 2013, en þann dag samþykkti stórþingið lög um kosningarétt kvenna. Í Svíþjóð verða hátíðahöld 26. janúar 2021 þegar öld verður liðin frá því sænska þingið samþykkti lög um kosningarétt kvenna.

Aldarafmæli kosningaréttar kvenna verður fagnað með margs konar viðburðum um allt land. Það er von afmælisnefndar að þeir verði til þess að minna fólk á að kosningaréttur er ekki og var ekki sjálfsagður. Almennungi var treyst fyrir honum hægt og bítandi. Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna hefur dregið fram söguna á vefsíðu afmælisins (<http://kosningarettur100ara.is>) Ég hvet hér með alla áhugasama til þess að kynna sér hana og velta fyrir sér þessum hornsteini lýðræðis í landi okkar. Nú er svo komið að mörgu ungu fólki finnst ekki taka því að nýta réttindi sín. Er það ekki áhyggjuefnið?

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

HÖFUM GAMAN Í VETUR

Allt fyrir sleðamanninn í Nítró



Optimate hleðslutæki
Fyrir sleða, hjól og bíla
Frá kr. 9.871,-

Hitahandföng
Stiglaus hitastilling
Kr. 18.763,-



Hitamottur á handföng
Fyrir sleða og hjól
Kr. 8.656,-

Pumalhitari
Fyrir sleða og fjórhjól
Kr. 5.578,-



Ísklóður
Á flestar gerðir vélsleða
Kr. 11.847,-

Hjól undir sleða
Létt og meðfærileg
Kr. 15.350,-



DG lambhúshetta
Þunn og þægileg
Kr. 1.966,-

CKX handahlífar
Fyrir sleða, og fjórhjól
Kr. 5.990,-



Ultimax reimar
Fyrir vélsleða og fjórhjól
Frá 13.990,-

Camoplast belti
Fáanleg á flesta sleða
Frá 126.000,-



Naglar, skifur og skrúfur

Tvöföld skífa 345,-
Nagli 57 mm 493,-
Nagli 54 mm 345,-
Nagli 44 mm 345,-
Karbítskrúfa 276,-
Skrúfa 25 mm 250 stk. 7.990,-



Motorfist Trophy jakki
Event vatns- og vindheldur
Kr. 69.153,-



CKX sleðahjálmur
Tvöfalt gler, sólgleraugu
Kr. 39.990,- / 49.990,-

CKX sleðajakki
Vatnsheldur með
öndun og góðu fóðri
Kr. 39.512,-



Motorfist Carbite buxur
Event vatns- og vindheldur
Kr. 69.153,-



CKX sleðajakki
Vatnsheldur með
öndun og góðu fóðri
Kr. 39.990,-

EVS SV1 brynja
Flískragi, Recco sendir
Kr. 44.451,-



Motorfist hanskar
Hlýir og þægilegir hanskar
Frá kr. 8.690,-



Motorfist skór
Vatnsheldir og hlýir
Kr. 48.404,-



Þar sem ævintýrið byrjar

Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ
Sími 557 4848 / www.nitro.is



Várlongsul · málverkasýning

Finleif Mortensen

6. – 22. febrúar



Kynntu þér málið á
www.myndlist.is

Vaxtalaus kaupleiga

á listaverkum í allt að 36 mánuði

LISTMUNASALA
fold

Opið virka daga 10–18,
laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarásstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Listmunauppboð

Síðustu forvöð til að koma með verk
á næsta uppboð er 20. febrúar

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn
Helgason



Fasískt borgarskipulag

Híð langvinna stríð gegn einkabílnum blossaði upp að nýju fyrir nokkrum vikum þegar borgaryfirvöld kynntu fyrirætl- anir um að fækka akreinum á Grensásvegi sunnan Miklubrautar úr fjórum í tvær, einni í hvora átt. Markmiðið er að skapa rými fyrir hjólréiðastíga og gera umhverfið vistlegra fyrir gangandi vegfarendur.

Með þessum fyrirætlunum virðast borg- aryfirvöld hafa gengið of langt. Eftir að þessar fyrirætlanir voru gerðar opinberar skrifaði Jónas Kristjánsson blogg færslu þar sem hann sagði borgarskipulagið einkennast af „valdbeitingu“. Með því með því að greiða fyrir almenningssamgöngum og hjólréiðum væri í raun verið að „þvinga fólk úr einka- bílum“, nokkuð sem Jónas taldi einsýnt að væri ekkert minna en „vinstri fasismi“.

Þegar stóryrðayfirboðin eru komin á þennan stað biður maður spennur eftir því að einhver stígi skrefið til fulls og dragi þriðja ríkið inn í umræðuna eða fari að vara við Helför á hendur einkabílnum.

Hitinn og tilfinningauppnámið sem einkennir umræður um hjólréiðastíga í Reykjavík er satt best að segja gersamlega óskiljanlegur. Maður hefur haldið að fjöl- breyttari samgöngur og betri hjólréiðastígar væru til bóta fyrir alla. Það verður t.d. meira pláss á götum borgarinnar fyrir einkabíla þegar fleiri hjóla eða nota aðrar samgöngur.

Og þegar betur er að gáð virðist æsingur- inn líka yfirleitt byggður á misskilningi.

Nú vill svo til að ég bý í smábúðahverfinu og ek um Grensásveg sunnan Miklubrautar daglega, oft á háannatíma. Ég get fullyrt að það er engin þörf á tveimur akreinum í báðar áttir. Það má vel fækka þeim án þess að það hefti umferð eða þrengi á nokkurn hátt að frelsi eins né neins.

Undir það hljóta allir að geta tekið sem raunverulega nota þessa götu. Enda mátti sjá af athugasemdum á félagsmiðlum að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem tjáðu sig með æsingi um fyrirhugaða þrengingu þekktu ekkert til aðstæðna. Margir virtust reyndar ekki átta sig á því hvað snýr norður og hvað suður, og ekki gera sér grein fyrir hvor endi Grensásvegar er norðan Miklu- brautar og hvor sunnan.

Bakarísbollur

Eitt verð!

219 kr. stk.



Aðeins í Engihjalla

Iceland

Snjólaug Ólafsdóttir Doktor í umhverfisverkfræði

VIRKAR fyrir mig

Einbeiting & vellíðan

„Ég byrjaði að nota Spirulina BLUE þegar ég var í krefjandi doktorsnámi. Ég fann strax að orkan jókst og varð jafnari yfir daginn. Einbeitingarskortur síðdegis hvarf og þar með jukust afköstin og úthaldið.“

Þrátt fyrir aukna orku kom það hvorki niður á svefni né hvíld. Ég finn mikinn mun bæði í starfi og daglegu lífi og hef því haldið áfram að taka Lifestream Spirulina BLUE.“




Álag og streita

Rannsóknir sýna að Spirulina BLUE nærir getu tauga og líkama til að starfa eðlilega þrátt fyrir mikið streituálag*. Eflir minni, einbeitingu, andlegt jafnvægi og vellíðan. Gefur mikla orku, eykur virkni mikilvægra ensíma og styrkir ónæmiskerfið.

*Ritrýndar rannsóknir.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

 **lifestream**
náttúruleg uppsprettu bætiefna

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ

Reykjavík vikublað er dreift á öll heimili í Reykjavík í 50 þúsundum eintökum.



ÁL-SUDA

Ryðfrí stál - ál - og járnsmíði
Nýsmíði og viðhald fyrir fiskvinnslur og fiskiskip.
Áratuga reynsla.

MANNBERG

Vélsmiðja sími 564 2002
Akralind 1 - 201 Kópavogi - mannberg@mannberg.is